

Langanesbyggð tilnefni Grunnskólann á Bakkafirði til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2015

Yfirskrift verkefnis: **Vinnustofur - Fjölbreyttir kennsluhættir og nýsköpun.**

Sveitarfélag:	Langanesbyggð 520 íbúar
Starfsmenn:	4 starfsmenn við Grunnskólann á Bakkafirði
Tengiliðir vegna verkefnis:	María Guðmundsdóttir skólastjóri Grunnskólans á Bakkafirði og Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir leiðbeinandi við Grunnskólann á Bakkafirði Skólagötu, 685 Bakkafirði
Tölvupóstur:	maria@langanesbyggd.is
Heimasíða:	https://bakkafjordur.wordpress.com

Í Grunnskólanum á Bakkafirði hafa kennarar þróað skapandi kennsluaðferð sem fellst í að nemendur taka aukna ábyrgð á eigin námi, ásamt því að sköpunargáfa og hugmyndaflug fá að njóta sín, lýðræði er aukið sem og fólk í samfélaginu fær aukna innsýn í skólatafið.

Hver var hvatinn að verkefninu?

Kveikjan var sú að kennurum í Grunnskólanum á Bakkafirði fannst bækur stjórna kennslu of mikið ásamt því að í ljós kom að utanbókarlærdómur skilaði ekki þeirri þekkingu sem ætlast var til. Það var haustið 2012 sem kennslan var skipulögð með öðrum hætti en hafði verið og var meginmarkmiðið að nemendur tækju meiri ábyrgð á eigin námi. Á stundaskrá voru settar svonefndar **vinnustofur**, alls ellefu í hverri viku eða um þriðjungur kennslustunda. Í þessum tímum skyldu nemendur fást við heildstæð, samþætt viðfangsefni, einir eða í hópum. Viðfangsefni tengjast samfélagsgreinum og náttúrufræði.

Hvernig var verkefninu hrint í framkvæmd?

Í upphafi funduðu kennarar með nemendum þar sem leitast var við að fá fram **hugmyndir þeirra** um viðfangsefni. Nemendur voru beðnir um að nefna allt sem þeim þætti gagnlegt að vita um náttúrufræði, samfélagsfræði og landafræði. Margar hugmyndir komu fram sem síðan voru ræddar og flokkaðar og segja má að þarna hafi nemendur lagt drög að sinni **eigin námskrá**. Einnig fengu nemendur að vita að þeir fengju sjálfir að ráða viðfangsefninu í annað hvert skipi. Ákveðið var í upphafi að hver lota tæki þrjár til fjórar vikur og **endaði á skilum** þar sem foreldrum og gestum er boðið á kaffihús þar sem nemendur kynna verkefni sín, hver með sínum hætti.

Hver var ávinningur verkefnisins?

Vinnustofurnar voru í upphafi ætlaðar elstu deild skólans en nú hafa þær teygt sig niður í 5. bekk. Mikil áhersla er lögð á list og verkgreinar í skólanum og fléttast þær greinar inn í vinnustofurnar eða vinnustofunur inn í þær greinar. Nemendur hafa **aðgang að list- og verkgreinastofu** meðan unnið er í vinnustofum. Verkefnið hefur farið fram úr björtustu vonum, mikill áhugi og metnaður er hjá nemendum og mikil **sköpun í gangi**.

Í mörgum tilvikum ákveða nemendur að tengja viðfangsefnið við miðlun og skapandi vinnu með lifandi flutningi, myndrænni tjáningu, leikþáttum, kvikmyndagerð og sýningum. Eins og fyrr segir skila nemendur verkefnum af sér á **opinni kynningu**, á kaffihúsi sem þau setja upp í skólanum og bjóða foreldum og öðru heimafólki að koma og hlusta á kynningar, sjá sýningar eða allt það sem þau hafa upp á að bjóða.

Kennarar meta flutning nemenda á kynningum og vinnu þeirra í kennslustundum. Þau **meta sig** svo sjálf eftir kynningu.

Bein tenging er við **Aðalnámskrá grunnskóla** þar sem nemendur:

- læra að tjá sig og koma fram
- læra að miðla þekkingu sinni
- beita gagnrýnninni hugsun
- vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- flytja mál sitt
- nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun
- bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu

Niðurstöður **Skólapúlsins** sýna að nemendur í Grunnskólanum á Bakkafirði eru **ánægðari** en áður og **jákvæðari** í garð samfélags- og náttúrufræði, nemendur telja einnig að á þá sé hlustað, kennari sé alltaf til staðar og þeir eigi auðvelt með að fá aðstoð.

Þessi kennsluaðferð hefur vakið verðskuldaða athygli, m.a. hefur verið birt um hana grein í Netlu, vef tímariti um uppeldi og menntun.¹ Þá hefur skólastjóri verið beðinn að kynna verkefnið á ráðstefnum og að minnsta einn skóli beðið um aðstoð við innleiðingu þessarar kennsluaðferðar og er sú vinna hafin.

¹ Sjá á þessari slóð: <http://netla.hi.is/greinar/2013/alm/003.pdf>